

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Hallgrímur T. Hallgríms greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirjettarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörns-sonar og Eggerts Claessen 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. mars 1919.

Nr. 75/1618:

Ólafur J. Hvanndal
 gegn
 Jes Zimsen

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Ólafur J. Hvanndal kaupmaður hjer í bænnum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jes Zimsen konsúl til greiðslu á 830 kr. 40 a. fyrir uppskipun á vörum úr gufuskipinu »Rollo« í júnimán. 1917 ásamt vöxtum og málskostnaði. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkevðnum 20. júní f. á., að stefndi Jes Zimsen var dæmdur til að greiða áfrýjanda borgun fyrir þessa uppskipun eftir mati óvilhallra dómkvaddra

manna, sem þekkingu hafa á uppskipunarkostnaði, ekki yfir 830 kr. 40 a. og ekki undir kr. 502,50, með 6 % ársvöxtum frá 7. ág. 1917 til greiðsludags og 50 kr. í málskostnað. Svo var stefndi dæmdur í 10 kr. sekt fyrir að mæta ekki við sáttaumleitun í málinu.

Dómi þessum hefir Ólafur J. Hvanndal skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. desbr. f. á., og krafist þess að dómnum verði breytt þannig, að stefndi Jes Zimsen verði dæmdur til að greiða honum 830 kr 40 a. með 6 % ársvöxtum frá 7. ág. 1917, en að málskostnaðarákvæði dómsins verði staðfest. Svo krefst hann þess að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Stefndi Jes Zimsen krefst þess frá sinni hálfu að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati rjettarins

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það, hverju áfrýjandi hefir skipað upp, heldur er ágreiningurinn milli málsaðila einungis um borgunina fyrir hinar uppskipuðu vörur. Hefir áfrýjandi lagt fram 4 reikninga yfir uppskipunarkostnaðinu að upphæð kr. 150.00 + 150.00 + 516.80 + 13.60 = kr. 830.40, og er það krafa hans að stefndi verði dæmdur til að greiða þessa upphæð. Stefndi telur hins vegar að borgun sú, er áfrýjandi krefst fyrir uppskipunina, sje óhæfilega há, og krefst þess að hann verði ekki

dæmdur til að greiða meira en kr. 87.50 + 40 00 + 365 40 + 9.60 = kr. 502.50.

Áfrýjandi heldur því fram, að uppskipunin hafi orðið sjer dýrari en alment hafi gerst um það leyti sökum manneklu, sökum þess, að hann til að flýta fyrir afgreiðslu skípsins, hafi framkvæmt uppskipunina að nokkru leyti í eftirvinnu, svo og sökum þess, að hann hafi orðið að nota hafnarjárnbrautina við uppskipunina, en gegn neitun stefnda verður þetta ekki talið sannað, enda hefir áfrýjandi ekki lagt fram í málinu neinn aðalreikning yfir uppskipunina, og verður þá ekki sjeð hvað hún hefir kostað áfrýjanda.

Stefndi hefir hins vegar fært rök fyrir því, að borgun sú, er áfrýjandi reiknar sjer fyrir þessa uppskipun, er hærri en aðrir reiknuðu sjer á sama tíma, en með því að ekki eru komin fram í málinu næg sönnunargögn um það, hvaða borgun hefir venjulega verið tekin fyrir uppskipun hjer í bænum í júnímán. 1917, og uppskipunargjaldið vírdist jafnvel ekki hafa verið fastákveðið, heldur jafnframt byggt á sjerstökum samningi í hvert skifti, er um meiri háttar uppskipun var að ræða, einkum á smærri stykkjum, þykir rjett, svo sem undirdómarinn hefir gert, að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá borgun fyrir uppskipunina, sem óvilhallir dómkvaddir menn, sem þekkingu og reynslu hafa í þeim efnun, meta innan hámarks þess, er áfrýjandi hefir krafist og og lágmarks þess, er stefndi vill sætta sig við að greiða, með vöxtum eins og segir í dómnum. Ákvæði

Bæjarþingsdómsins um málskostnað og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni ber einnig að samþykkja, þó svo, að sektin sje 4 kr.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður, þó svo að sektin til landssjóðs sje 4 kr. Áfrýjandi Ólafur J. Hvanndal greiði stefnda Jes Zimsen 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnæja áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 31. mars 1919.

Nr. 2/1919:

Sigurður Sigurðsson
gegn
Helga Zoëga.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sigurður Sigurðsson yfirrjettarmálaflutningsmaður á Ísafirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Helga Zoëga kaupmanni í Reykjavík út af vanefndum á samningi milli málsaðila,